



Mats- og hæfisnefnd skv. Reglugerð nr. 476/2015

Reykjavík 26.02. 2023

Embætti landlæknis,

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

Heilbrigðisráðuneytið, b.t. Ester Petra Gunnarsdóttir, lögfræðingur,

Síðumúla 24, 108 Reykjavík.

**Varðandi: Viðurkenningu á hæfi bæklunarskurðlækningadeildar á aðgerðasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss til að bjóða kjarnasérnámi og fullt sérnám í bæklunarskurðlækningum (e. orthopedic surgery).**

Með vísan til 7., 8. og 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015 um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði þess að hljóta almennt lækningaleyfi og sérfræðileyfi, svo og til starfsreglna mats- og hæfisnefndar sem staðfestar voru af heilbrigðisráðherra 28. júní 2016, var á fundi nefndarinnar þann 12.12. 2022 ákveðið að endurnýja með formlegum hætti viðurkenningu á kjarnasérnámi og jafnframt veita leyfi fyrir fullu sérnámi í að lágmarki 5 ár í bæklunarskurðlækningum á bæklunarskurðlækningadeild aðgerðasviðs Landspítalans (aðal sérnámsstaður), og eftir atvikum tengdum deildum og stofnunum á eða utan spítalans (viðbótarsérnámsstaðir). Þetta tekur einnig til tímabundins námstíma allt að 6 mánuðum í kjarnasérnámi og 12 mánuðum sem hluta fulls sérnáms á samsvarandi deild Sjúkrahússins á Akureyri og tilgreinds tíma á öðrum viðbótarsérnámsstöðum þar sem formlegur samningur hefur verið gerður við aðal sérnámsstaðinn. Samningar um sérnám taka auk tímalengdar til innihalds og framkvæmdar sérnáms á hverjum stað samkvæmt marklýsingunni og með tilvísan í Almenn viðmið og leiðbeiningar um sérnám í læknisfræði á Íslandi, sem mats- og hæfisnefnd hefur gefið út og gilda almennt fyrir særnæam lækna á Íslandi. Af 5 ára lágmarkstíma í fullu sérnámi er talið æskilegt að a.m.k. 6 mánuðum af sérnámstímanum sé varið á bæklunarskurðlækningadeild erlendis sem hlotið hefur viðurkenningu þar til bærra yfirvalda í viðkomandi landi til sérmenntunar í bæklunarskurðlækningum.

Nefndin skal samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar meta marklýsingar og hæfi heilbrigðisstofnunar eða deildar heilbrigðisstofnunar til að öðlast viðurkenningu sem kennslustofnun fyrir tiltekið sérfræðinámi.

Ákvörðunin var tekin með hliðsjón af endurskoðaðri marklýsingu sem byggir á sænskum leiðbeiningum um sérnám í bæklunarskurðlækisfræði (marklýsingu/námsskrá) sem fengin er með leyfi frá samtökum sænskra bæklunarskurðlækna, Svensk Ortopedisk Förening (SOF). Mats- og hæfisnefnd hefur eftir endurskoðun á íslenskum inngangstexta og skoðun sænska textans fallist á marklýsinguna. Jafnframt er vísað til úttektar á sérnámsstaðnum (meðfylgjandi) sem fram fór 13.10.

2022. Sérnámið er sjálfstætt sérnám með kjarnasérnámi (e. core training) og framhaldssérnámi (e. advanced training). Nám og kennsla í kjarnasérnáminu hófst í ársbyrjun 2017 með hliðsjón af marklýsingunni. Marklýsingin er meðfylgjandi (rafræn sending).


Mats- og hæfisnefndin hefur rætt við forsvarsmenn og kennslustjóra námsins, svo og aðra sem koma að sérnáminu, og fengið umsagnir stjórnar Félags íslenskra bæklunarskurðlækna, framkvæmdastjóra lækninga á Landspítalanum, varadeildarforseta sem staðgengils forstöðumanns fræðasviðsins í bæklunarskurðlækni-fræði við Læknadeild Háskóla Íslands og umsögn Embættis Landlæknis, með tilvísan í 3. mgr., 15. gr. reglugerðar nr. 467/2015. Þá heimsóttu tveir fulltrúar úr nefndinni bæklunarskurðlækningadeildina á Landspítalanum þann 13.10.2022, og ræddu námsferlið og aðstæður við forsvarsmenn námsins. Einnig var rætt við fulltrúa sérfræðilækna, hjúkrunarfræðinga og sérnámslækna. Meðfylgjandi lýsing á þessari úttekt er send Landspítalanum, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Heilbrigðisráðuneytinu, Landlæknisembættinu og öðrum með beina aðild að náminu til kynningar. Hún er fáanleg hjá nefndinni. Viðmið nefndarinnar vegna matsins taka mið af dönskum og breskum, en einnig evrópskum vinnuvenjum og reglum varðandi úttektir á námsstöðum. Í matinu er fjallað um námsaðstæður, þ.m.t. mönnun, umfang og inntak starfseminnar á bæklunarskurðlækningadeild Landspítalans, vinnufyrirkomulag, faglega fundi, kennslu, rannsóknar- og námstækifæri og leiðsögn sem námslæknar fá, auk samvinnu við aðrar stofnanir og deildir spítalans og önnur skyld atriði. Athugasemdir frá mats- og hæfisnefnd og umsagnaraðilum hafa verið kynntar forsvarsmönnum námsins.

Nefndin samþykkir hér með endurnýjaða marklýsingu fyrir kjarnasérnámi og marklýsingu fyrir framhaldssérnámi allt að lokum sérnáms og viðurkennir bæklunarskurðlækningadeild á Landspítala og samstarf þaðan við samsvarandi deild Sjúkrahússins á Akureyri (sbr. ofanskráð) sem kennslustofnun í þessari sérgrein lækni-fræðinnar með tilvísan í reglugerð nr. 467/2015. Námið er miðað við árlega inntöku 3-5 nýrra sérnámslækna, auk þjálfunar lækna sem taka hluta sérnámsgrunns eða hluta sérnáms í öðrum greinum á deildinni. Náminu er stýrt af kennslustjóra og kennslaráði á aðal sérnámsstaðnum og er samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga á Landspítala og eftir atvikum framkvæmdastjóra á Sjúkrahúsinu á Akureyri. Viðurkenningin tekur ekki til náms í undirsérgreinum. Um sérfræðileyfi að loknu sérnáminu gilda ákvæði reglugerðar nr. 467/2015 með síðari breytingum/viðbótum.

Endurmat þessarar viðurkenningar skal skv. reglugerð 467/2015 fara fram eigi síðar en að fjórum árum liðnum, þ.e.a.s. haustið 2026.

Yfirlit yfir viðurkenndar heilbrigðisstofnanir og marklýsingar skal, með tilvísan í reglugerðina, birta á heimasíðu Embættis Landlæknis og á heimasíðu Landspítalans á vefsvæði mats- og hæfisnefndar.

Virðingarfyllst, f.h. mats- og hæfisnefndarinnar,



Reynir T. Geirsson, próf. em.,

Formaður mats- og hæfisnefndar skv. reglugerð nr. 467/2015.

**Afrit:**

Tómas Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri lækninga, Landspítala

Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga, Sjúkrahúsinu á Akureyri

Hrund Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri, menntadeild, Landspítala

Hlíf Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs, Landspítala

Hjörtur Friðrik Hjartarson, yfirlæknir bæklunarskurðlækningadeild, Landspítala

Halldór Jónsson jr., prófessor/yfirlæknir og forstöðumaður fræðasviðsins bæklunarskurðlækni­isfræði, Læknadeild Háskóla Íslands

Ólöf Sara Árnadóttir, kennslustjóri, bæklunarskurðlækningadeild, Landspítala,

Þorvaldur Ingvarsson, dósent, formaður Félags íslenskra bæklunarskurðlækna

Þórarinn Guðjónsson, prófessor, deildarforseti LæknadeildHáskóla Íslands

Steinunn Þórðardóttir, formaður, Læknafélag Íslands

**English translation/explanatory version:**

Reykjavík 26.02.2023

Directorate of Health

Katrínartún 2, 105 Reykjavík

Ministry of Health, c/o Ester Petra Gunnarsdóttir, ministry lawyer,

Síðumúli 24, 108 Reykjavík

**Re.: Accreditation of the Department of Orthopedic Surgery, Division of Surgical Services, Landspítali University Hospital, Reykjavík, to provide core training and full specialist training in orthopedic surgery.**

With reference to articles 7., 8. and 15. in the Ministerial Directive nr. 467/2015 on the Education, Rights and Duties of Physicians and Requirements for obtaining General Medical Licence and Medical Specialist Recognition in Iceland, as well as with reference to the working rules for the Icelandic Evaluation and Accreditation Committee (IEAC), officially approved by the Minister of Health on 28. June 2016, the IEAC hereby declares that at the committee meeting 12.12. 2022 it was decided to grant continued accreditation for core training and accredit a full specialist training program in orthopedic surgery at the Department of Orthopedic Surgery, Division Surgical Services, Landspítali University Hospital (LUH), Reykjavík (main training center). The IEAC has in line with the Directive nr. 467/2015 to assess the suitability of relevant educational institutions to be accredited for such a medical specialisation program in Iceland in conformity with European Union regulation nr. 2005/36/EB (<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A32005L0036>). The license also encompasses up to 12 months of organized full training time at the Orthopedic Unit in the Regional Teaching Hospital in Akureyri (SAk)(6 months of core training). Besides SAK there are options for time at additional training units based on formal agreements, where length of time, content and programmed learning activities are specified with a background in the Icelandic Reference Guide for Postgraduate Training, issued by the IEAC. Of the 5 year minimum total training time it is recommended that at least 6 months could be spent at a recognised overseas training institution.


The decision to accredit was taken with reference to the Swedish educational guideline (curriculum) for orthopedics (permission for use granted by Svensk Ortopedisk Förening), which the committee had considered before for specific adaptation and use in Iceland. The program commenced at LUH in 2017 for core training and has been revised and improved since, to cover a full 5 year minimal training time. Members of the IEAC visited the Department of Orthopedic Surgery on 13.10. 2022 and discussed the program, its execution and the facilities with those in charge of the program, as well as with educational supervisors, senior nursing staff representatives and trainee representatives.

A report on the visit is sent to the Ministry of Health, the Icelandic Directorate of Health and other relevant bodies/officials for information. The IEAC uses Danish, British and European guiding principles for the accreditation process. The IEAC considers facility adequacy, i.e. in terms of manpower, workload, nature of the daily work conducted in the Department of Emergency Medicine, as well as teaching methods, professional meetings, practical learning opportunities, supervision of training, trainee evaluation and other related training aspects.

The IEAC thus re-approves of the Department of Orthopedic Surgery within the Division of Surgical Services at LUH as an educational institution for core training and also approves a full training program in orthopedic surgery for a minimum time of 5 years. The program is run within the responsibility domain of the Chief Medical Officers at Landspítali University Hospital and the Akureyri Teaching Hospital in accordance with article 8 of Directive 467/2015. The accreditation does not extend to any subspecialist aspects. Renewed accreditation will have to be done according to the stipulations of directive 467/2015 not later than in 4 years time, i.e. in 2026. It covers a yearly intake of 3-5 trainees in addition to foundation year doctors and trainees from other specialties serving time in the department.

An overview of approved and accredited specialist education in medicine must be published on the homepage of the Directorate of Health ([www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)) and is also visible on the committee website at LUH.

On behalf of the IEAC,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Reynir T. Geirsson', written in a cursive style.

Reynir T. Geirsson, prof. em.,

Chairman of EAC by Directive nr. 467/2015.